



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 1.12. 2020  
Mál nr. 202011-0070

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.), 329. mál.**

Frumvarpinu er að meginstefnu ætlað að tryggja að allar heimildir yfirvalda vegna sóttvarna eigi sér fullnægjandi lagastoð. Sá skýrleiki er til bóta.

Aðgerðir vegna sóttvarna fela óhjákvæmilega í sér inngrip í frelsi einstaklinga. Nauðsynlegt er því að þær eigi sér heimild í lögum sem samræmist stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Lagt er mat á þá stöðu í greinargerð og álitsgerð Dr. jur. Páls Hreinssonar. ASÍ hvetur til þess að Alþingi vandi meðferð málsins með tilliti til samræmis við fyrrgreindar heimildir.

Í frumvarpinu er hugtakið samkomubann skýrt og allur vafi tekinn af um að það hafi getað tekið til stöðvunar á atvinnustarfsemi en þannig hafði hugtakið áður verið skýrt. ASÍ vekur í sambandi athygli Alþingis á því, að brýna nauðsyn ber til þess að lög geymi skýr ákvæði um réttindi launafólks sem tímabundið missir störf vegna stöðvunar á atvinnustarfsemi eða sóttkvíar. Mikil reynsla hefur fengist í yfirstandandi faraldri hvernig þurfi að bregðast við og bæði eðlilegt og rétt að sá þáttur sóttvarnaðgerða verði einnig ávarpaður til frambúðar. Trygg réttarstaða launafólks sem þola má sóttvarnir sjálft eða þarf að sæta þeim vegna nákominna er mikilvægur þáttur í framkvæmd sóttvarnaðgerða og tryggir að þær séu virtar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Geitúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is